



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 131/890  
komudagur 28.2/89

ES/vós

Reykjavík, 26. febrúar 2005

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 4. þ.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, 409. mál, vararefsing fésektar.

Farið hefur verið yfir frumvarpið af hálfu embættisins og er mælt með lögfestingu þess með vísan til athugasemda sem fylgja því.

  
saksóknari

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hverfisgata 115  
150 Reykjavík

Sími: 444-1000  
Fax: 444-1015  
Veffang: [www.lr.is](http://www.lr.is)  
Netfang: [lr@lr.is](mailto:lr@lr.is)



ES/vós

Reykjavík, 26. febrúar 2005

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 4. þ.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, 46. mál, framleiðsla innlendra léttvína.

Embættið vísar til umsagnar um frumvarp sama efnis, sbr. bréf embættisins dags. 19. desember 2001. Afstaða embættisins til frumvarpsins er óbreytt og er hér með vísað til fyrri umsagnar þar sem segir m.a.:

“Með því að leggja til að almennt verði heimilt að framleiða áfengi til eigin neyslu er stefnt að allróttækum breytingum á áfengislöggjöfinni. Embættið tekur ekki afstöðu til þeirra sjónarmiða sem fram koma í greinargerð um að með þessu “gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða séríslensk framleiðslu- og verslunarvara ...”. Embættið tekur hins vegar fram eftirtalin atriði, sem einkum eru löggæslulegs eðlis:

Verði frumvarpið að lögum verður refsilaust að framleiða áfengi, t.d. í heimahúsum, svo framarlega að áfengið fari ekki yfir 15% af hreinum vínanda og sé framleitt úr innlendu hráefni (berjum, ávöxtum eða jurtum). Önnur áfengisframleiðsla án leyfis verður áfram refsiverð skv. 4.gr. áfengislaga. Augljóst er að undanþágur af þessu tagi eru almennt fallnar til þess að veikja löggjöf og gera lögreglu og ákærvaldi erfiðara fyrir en ella við að framfylgja lögnum. Upp í hugann koma mörg vafatilvik sem gætu gert lögreglu og ákærvaldi erfitt um vik verði frumvarpið að lögum. Spyrja má hvort breytingar á borð við þessa kalli ekki á enn frekari tilslakanir og hvort þetta sé ekki fyrsta skrefið í átt að því að gefa frjálsa áfengisframleiðslu til eigin nota.

Embættið mælir ekki með því að frumvarpið verði að lögum og telur eðlilegt að þeir sem óska eftir að framleiða áfengi fái sérstakt leyfi til þess. Framangreindum markmiðum frumvarpsins mætti e.t.v. ná með breytingu á 6.gr. áfengislaga í þá átt að gert verði ráð fyrir skilyrtum leyfum til þeirra sem óska eftir að framleiða léttvín úr íslenskum jarðargróða.”

  
saksóknari

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík